

Aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031, hluti dreifibýluppdráttar fyrir breytingu Mkv. 1 : 50.000

Greinargerð með aðalskipulagsbreytingu

Greinargerð þessi er birt á uppdrátti. Breyting aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 fyrir Dritvíkurveg og Djúpálónsand er unnin í samræmi við 30. grein skipulagslaga nr. 111/2011 og verður tillagan auglýst í samræmi við 31. grein sömu laga. Breytingin tekur eingöngu til sveitarfélagsuppdráttar og texta í greinargerð vardaðandi stækkun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, sem hefur þegar öllast gildi og breytingu afþreyingar- og ferðamannasvæðis. Fyrirhugað breyting ferðamannasvæðis varðar nýja staðsetningu bílastæðu og þjónustuhúss fyrir gesti sem koma til Dritvíkur og Djúpálónssands. Í gildandi aðalskipulag var gert ráð fyrir framfaristærðum og þjónustuhúsi ofan/austan Útnesvegur, en nú er fyrirhugað staðsetning neðan/vestan vegarins til að stuðla að umferðaröryggi gangandi og að eingöngu verði bíðsvæði fyrir rútur ofan/austan Útnesvegur. Núverandi bílastæði anna ekki þörf og þar myndast umferðaröngþveiti á alagstimum. Nýtt svæði er í gildandi aðalskipulagi landbúnaðarsvæði, en þar verði skilgreind breyting sem veldur stækkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis AF-U-7. Svæðið er innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og í umsjón Umhverfisstofnunar. Ný staðsetning hefur í för með sér að framkvæmdir munu raska hrauni.

Landslag efn vinnur að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið og verður það auglýst samhliða breytingu aðalskipulags. Þar er einnig unnið að sameiginlegri umhverfismatskýrslu vegna breytingar aðalskipulags og nýs deiliskipulags. Í deiliskipulagi verði ákveðið um mótvægisáðgerðir vegna raskaðs hrauns.

Lýsing og matsýsing vegna breytingar aðalskipulagsins og nýs deiliskipulags var kynnt frá 6. október og frestur til að skila ábendingum og athugasemdum var til 20. október 2022.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum samráðsaðilum
 Minjastofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Vegagerðinni. Við gæf aðalskipulagstillögu er leitað við að vernda við athugasemdum og ábendingum þeirra.


Forsendur og núverandi aðstæður

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og er því breyting aðalskipulags, gerð deiliskipulags og allar framkvæmdir háðar samþykki Umhverfisstofnunar. Umferð um Þjóðgarðinn er vaxandi, núverandi bílastæði og hreinleitaðstaða anna ekki eftirspurn á annatímum. Ekki er unnt að stækka þau vegna landslags og eignarhalds á landi. Einnig er það áhersla á að draga úr akandi umferð niður Dritvíkurveg. Þjónustuhúsið með snyrtingum verður við nýju bílastæðin og núverandi snyrtingar verða fjarlægðar. Mikilvægt er að hlúa að innviðum vegna aukinnar umferðar svo ekki verði náttúruspjöll á svæðinu. Bæta þarf Dritvíkurveg með útskotum til að tryggja umferðaröryggi, en vegna eignarhalds verða allar framkvæmdir við veginn norðan hans og ekkert rask verði sunnan núverandi vegar.

Umferð stóra nútíðla hefur aukist mikið, bæði vegna dagsferða frá höfuðborgarsvæðinu og vegna farþega frá skemmferðaskipum, því verður gert ráð fyrir sleppistæðum fyrir rútur á nýja svæðinu og leitað við að draga eftir fongum úr umferð niður eftir veginum. Auk þessa er gert ráð fyrir rútustæði í gamalli efnisnámu ofan/austan Útnesvegur, þar sem rútur geta beðið og sótt farþega aftur á sleppistæði. Mikilvægt er að halda áfram umræðu um vistvænar samgöngur innan Þjóðgarðsins, t.d. með því að bjóða upp á rafkináran samgöngufararmáta niður Dritvíkurveg.

Minjar innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls voru skráðar af dr. Bjarna Einarssyni vegna vinnu við aðalskipulags Snæfellsbæjar. Í vendaráætlun Þjóðgarðsins 2007-2017 sem gerð var 2007 kemur fram að ein af bekkustu sjávarútvegsminjum í Þjóðgarðinum eru steintökin á Djúpálónssandi. Á Djúpálónssandi er einnig járn úr togaranum Epine Gy frá Grimbsy sem fóst í aftakveðri fyrir utan Djúpálónssand í mars 1948.

Þegar hefur verið borað eftir köldu neyðslvatni ofan við Útnesveg sem mun anna nýju þjónustuhúsi. Vatnsbólð er hærra í landi en Þjóðvegur og fyrirhugað framkvæmdasvæði og því lítil hættu á mengun frá vegi og fráveitu. Þök húsa og fastir fleir útsvæða verði tengt blágrænum ofanvatnslausnum. Lögð verði áhersla á að frágangur vegna fráveitu verði vandáður og hreinsibúnaður verði í samræmi við fyrirhugaða notkun hússins. Húsið verði tengt við fráveitu með þriggja þrepa hreinsun s.s. rotró og stíurlögn eða hreinsistöð. Frágangur, stærð og gerð fráveitu verði í samræmi við Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og í samræmi við gildandi reglugerð um fráveitur og skólp og leiðbeiningar Umhverfisstofnar um fráveitur. Hreinsun fráveitu verði á vegum Snæfellsbæjar í kostnað Umhverfisstofnunar.



Aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031, hluti dreifibýluppdráttar eftir breytingu Mkv. 1 : 50.000

Breytingar á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags

Afmörkun svæðis AF-U-7 er breytt. Núverandi þjónustusvæði er afmarkað af nákvæmni, enda ekki unnt að breyta því vegna landslags og eignarhalds. Svæðið teygir sig meðfram Dritvíkurvegi og norðan hans verða útskot. Svæðið vestan Útnesvegur og norðan Dritvíkurvegur mun rúma bílastæði og fáein rútustæði. Svæðið teygir sig einnig austur fyrir Útnesveg, þar sem gert er ráð fyrir bíðstæðum fyrir rútur í allaðri efnisnámu. Svæðið var um 70.000 m² og verður um 90.000 m². Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull hefur þegar verið stækkaður og er dreifibýluppdráttur aðalskipulags uppfærður að þeirri breytingu. Vegna stækkunar hans minnkar svæði 223 á náttúrumínjaskrá að sama skapi.

Breyting greinargerðar með aðalskipulagi

Í kafla 3.2.1. Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) er fjallað um ferðamannastæði sem Umhverfisstofnun vaktar.

Eftirfarandi texti fyrir breytingu um AF-U-7 fellur út:

AF-U-7: Djúpálónssandur og Dritvík. AF-U-7: Djúpálónssandur og Dritvík. Á Djúpálónssandi hefur Vegagerðin gert bílastæði og reist hefur verið þjónustuhúsið með snyrtingum án deiliskipulags. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gert alvarlegar athugasemdir um stærð rotróar við snyrtingar. Ekki er svigrúm til stækkunar bílastæða á svæðinu, en hmgmyndir eru um bílastæði ofan vegar í gamalli efnisnámu og að lagður verði göngustígur þaðan. Þar verði gert rútustæði, svo hægt sé að sleppa fólki út og sækja það á ákveðnum tíma. Laga þarf efnisnotkun á staðnum, en göngustígur fellur illa að umhverfi bæði varðandi efnis og lit. *Gera skal deiliskipulag af um 70.000 m² svæði á djúpálónssandi sem verði tengt deiliskipulagi svæðis ofan vegar þegar bílastæðum verður beint þangað. Einnig þarf að ganga frá um 19.000 m² deiliskipulagi af Dritvík, þar sem gengið verði frá stig sem verði fellður vel að landi til að draga úr hættu á umferð um viðkvæmar menningarmínjar. Við stígagerð skal nota efnis sem er í samræmi við efnisferð á staðnum.*

Eftir breytingu standi eftirfarandi texti:

AF-U-7: Djúpálónssandur og Dritvík. Á Djúpálónssandi hefur Vegagerðin gert bílastæði og verður gengið frá því með skýrt afmörkuðum bílastæðum og akbraut. Þar ríkast tæplega 40 bílastæði, þar af tvö fyrir hreyfihlaða og stæði fyrir fáeinar rútur. Núverandi þjónustuhúsið með snyrtingum verður fjarlægð. Ekki er svigrúm til stækkunar bílastæða á núverandi svæði vegna landslags og eignarhalds á landi. Gert verður nýtt bílastæði og þjónustuhúsið með snyrtingum ofarlega norðan við Dritvíkurveg og þar verði sleppistæði fyrir rútur. Húsið verði allt að 120 m² og hámarkshæð allt að 5.0 m frá gólfkóta. Gerður verður göngustígur þaðan niður á Djúpálónssand, en fella þarf stíga að umhverfi varðandi lit og efnis. Einnig verði bíðstæði fyrir rútur ofan/austan Útnesvegur í gamalli efnisnámu. Samhliða breytingu aðalskipulags er kynnt nýtt deiliskipulag af um 90.000 m² svæði ofan og neðan Útnesvegur. Einnig þarf að ganga frá um 19.000 m² deiliskipulagi af Dritvík, þar sem gengið verði frá stig sem verði fellður vel að landi til að draga úr hættu á umferð um viðkvæmar menningarmínjar. Við stígagerð skal nota efnis sem er í samræmi við efnisferð á staðnum.

Í kafla 4.2.1 er fjallað um fríðlyst svæði

Eftirfarandi texti fyrir breytingu um Þjóðgarðinn Snæfellsjökull fellur út:
 Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er á utanverðu Snæfellsnesi og er um 170 km² og er eini Þjóðgarður landsins sem nær að sjó. Hann var stofnaður 28. júní árið 2001 í þeim tilgangi að vernda bæði sérstæða náttúru svæðisins og merklegar sögulegar minjar. Jafnframt er markmiðið að auðvelda fólki að ferðast um svæðið og kynnast því. Stækkun Þjóðgarðsins að norðanverðu tryggir aukinn fjölfreytleika og stækkun svæðis sem er undir vendarvaeg Umhverfisstofnunar.

Eftir breytingu standi eftirfarandi texti:
 Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er á utanverðu Snæfellsnesi og er um 183 km². Hann var stofnaður 28. júní árið 2001 í þeim tilgangi að vernda bæði sérstæða náttúru svæðisins og merklegar sögulegar minjar. Jafnframt er markmiðið að auðvelda fólki að ferðast um svæðið og kynnast því. Stækkun Þjóðgarðsins að norðanverðu tryggir aukinn fjölfreytleika og stækkun svæðis sem er undir vendarvaeg Umhverfisstofnunar.

Kynningarferli

Líklegur tímarámi vegna breytingar aðalskipulags:
 Lýsing og matsýsing vegna breytingar aðalskipulagsins og nýs deiliskipulags var kynnt frá 6. október og frestur til að skila ábendingum og athugasemdum var til 20. október 2022.
 Nóvember 2022 tillaga að breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 verði kynnt fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd og bæjarstjórn og kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum með áberandi hætti. Eftir samþykki umhverfis- og skipulagsnefndar og bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, verður leitað heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillögu í samræmi við 31. grein skipulagslaga.
 Janúar 2022-mars 2023, tillaga kynnt með 6 vikna auglýsingarferli og að því loknu mun bæjarstjórn falla um tillöguna á nýjan leik og taka afstöðu til fram kominna athugasemda.
 Mars-mai 2023. Eftir að bæjarstjórn hefur samþykkt tillögu skal hún send Skipulagsstofnun ásamt fram komnum athugasemdum og umsögnum um þær innan 12 vikna frá því að athugasemdafrestur rennur út. Eftir það lætur Skipulagsstofnun auglýsa gildistöku í B deild Stjórnartíðinda innan fjögurra vikna. Aðalskipulagsbreyting tekur gildi þegar hún hefur verið samþykkt af bæjarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B deild Stjórnartíðinda.

Samráð verði haft við eftirtalda

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, RARIK, Samgöngustofu, Skipulagsstofnun, Svæðis skipulagsnefnd Snæfellsnes, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerðina og viðeigandi nefndir bæjarfélagsins.

Umhverfismatskýrsla

Umhverfismatskýrsla fyrir breytingu aðalskipulags og nýtt deiliskipulag er unnin fyrir bæði skipulagsstigin hjá Landslagi ehf og kynnt samhliða skipulögnum sem hluti af aðalskipulagsbreytingu. Aðrir aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

LANDNOTKUN	TAKMÖRKUN Á LANDI
■ Afmörkun rammahluta	○ Minjavernð fríðlystar minjar
■ Verslun og þjónusta	○ Minjavernð skráðar minjar
■ Samfélagsþjónusta	○ Minjavernð þjóðleió
■ Fristundabyggð	○ Gömul leið af loftmynd
■ Afþreyingar og ferðamannasvæði	○ Fríðlystar náttúrumínjar
■ Landbúnaðarsvæði	
■ Óbyggð svæði	TIL UPPLÝSINGA
■ Vötn, ár og sjór	—
■ Útivistarstigar	—
■ Varnargarðar	—
	●

--- Afmörkun svæðis þar sem landnotkun eða takmörkun á landi breytist
 ■ Stækkun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

Breyting aðalskipulags Snæfellsbæjar sem auglýst var skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann _____ 2022.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____ 2023.

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst í B deild Stjórnartíðinda þann _____ 2023.

Tillaga breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar til auglýsingar
 Tillaga nýs deiliskipulags auglýst samhliða breytingu aðalskipulags
 Umhverfismatskýrsla er birt með greinargerð deiliskipulags

Breyting aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031
Sveitarfélagsuppdráttur, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
Dritvíkurvegur og Djúpálónssandur **1:50.000**